

# Uppbygging atvinnulífs á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðna

Róbert Ragnarsson  
Gunnar Úlfarsson  
2. desember 2021

# Markmið og skipulag verkefnis

- Þriggja ára verkefni sem hefur það markmið að styðja við atvinnulíf og samfélag á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðnanna.
- Hlutverk RR ráðgjafar að vinna grunn að sviðsmyndagreiningu fyrir atvinnulíf bæjarins.
- Greina megin áskoranir og valkosti atvinnulífs með grunn að tveimur sviðsmyndum í huga
  - Seyðisfjörður árið 2025
  - Seyðisfjörður árið 2030
- Draga fram sjónarmið og hugmyndir viðmælenda og fá gögn til að vinna grunn að tveimur sviðsmyndum.



## Viðtöl

- Styrkleikar og áskoranir atvinnulífs á Seyðisfirði.
- Tækifæri og hugmyndir á næstu misserum, eða til lengri tíma.
- Viðmælendur voru fulltrúar stofnana og fyrirtækja á Seyðisfirði.

## Seyðisfjörður 2025

- Tækifæri og verkefni sem hægt er að grípa og koma í framkvæmd á næstu misserum.
- Verkefni til að efla atvinnulíf á Seyðisfirði fyrir árið 2025.

## Seyðisfjörður 2030

- Tækifæri og verkefni sem hægt er að undirbúa og koma til framkvæmda fyrir árið 2030.
- Opnun Fjarðaheiðarganga árið 2029 forsenda.



# Laun og starfsfólk


- Staðgreiðsluskyldar tekjur hæstar í opinberum störfum og nema um þriðjungi af launagreiðslum.

Staðgreiðsluskyldar tekjur í ferðaþjónustu:


- 147 m.kr. árið 2019
- 103 m.kr. árið 2020.
- Ekki fyllilega sambærilegar við tölurnar á myndunum.

- Flest launafólk starfar í opinbera geiranum.
- Næst flestir starfandi í fiskvinnslu.
- Fjöldi starfsmanna í öðrum atvinnugreinum voru um 20-25 talsins í hverri grein.

## Staðgreiðsluskyldar tekjur á Seyðisfirði



## Meðalfjöldi launþega á staðgreiðsluskrá




- Flestir starfsmenn starfa innan opinbera geirans og í fiskvinnslu
- Í þeim greinum eru staðgreiðsluskyldar tekjur hæstar



# Húsnæði á hættusvæði C


- Á myndinni sést hlutfall húsnæðis eftir hættusvæði úr staðfestu hættumati frá 2019.
  - Byggir á fjölda fasteigna á skrá.
- Af atvinnuhúsnæði er 31% á hættusvæði C.
- Gögnin varpa þó ekki fyllilega ljósi á hver raunveruleg húsnæðispörf atvinnustarfseminnar er á Seyðisfirði
  - Vísbendingar um að stór hluti atvinnuhúsnæðis stafi veruleg hætta af aurskriðum og ofanflóðum.

Hlutfall húsnæðis eftir svæðum



Heimild: Austurbrú

## Fermetrafjöldi atvinnuhúsnæðis



Tæplega annar hver fermetri atvinnuhúsnæðis á Seyðisfirði er á hættusvæði C.

Heimild: Austurbrú



# Tvö andlit Seyðisfjarðar

- Í viðtölum birtast tvær myndir af atvinnulífi á Seyðisfirði.
  - Fyrst og fremst menningar og listabær.
  - Atvinnulíf einkennist af sjávarútvegi, flutningum og iðnaði.
- Stöðugreiningin dregur fram að önnur myndin getur vart án hinnar verið.
- Án öflugs menningarlífs, fjölbreyttrar flóru veitingastaða og afþreyinga eru lífsgæði minni og samfélagið litlausara.
- Án öflugs iðnaðar, sjávarútvegs og flutninga dregur úr þjónustu og tekjur samfélagsins verða lægri og fjárfestingar minnka.





## Styrkleikar atvinnulífs

- Ímynd og aðdráttarafl bæjarins
- Menning, listir og skapandi greinar
- Ferðapjónustan
- Sjávarútvegur og fiskvinnsla
- Höfnin, vöruflutningar og skemmtiferðaskip
- Staðsetning Seyðisfjarðar er kjörinn aðkomustaður fyrir skip
- Regnbogastrætið
- LungA skólinn
- Samheldið samfélag
- Lágur flutningskostnaður frá framleiðenda í ferju
- Lágt húsnæðisverð

## Áskoranir atvinnulífs

- Að tryggja öryggi starfsmanna og íbúa
- Hátt hlutfall atvinnuhúsnæðis á hættusvæði
- Óljósar heimildir til nýtingar atvinnuhúsnæðis á hættusvæði
- Erfiðar samgöngur um Fjarðarheiði
- Árstíðarbundnar sveiflur í ferðapjónustu
- Skortur á íbúðarhúsnæði
- Skortur á vinnuafli og fólki með iðnmenntun
- Að ná fram sameiginlegri sýn og stefnu í atvinnumálum
- Erfitt að keppa við suðvesturhornið um frakt- og vöruflutninga á Íslandi

# Helstu forsendur vaxtar atvinnulífs á Seyðisfirði

- Breyta lögum þannig að heimilt verði að greiða bætur fyrir atvinnuhúsnæði á hættusvæði C
- Stækkun landfyllingar við Lónsleiru
- Nýtt aðalskipulag
- Skýr markaðssetning atvinnulífs á Seyðisfirði
- Bygging íbúða og atvinnuhúsnæðis
- Byggja upp gott skólasamfélag og búa vel um barnafjölskyldur
- Leggja aukna áherslu á menningartengda ferðaþjónustu
- Skapa afþreyingu og tækifæri í ferðaþjónustu tengd skriðunum
- Bætt aðgengi að verktökum fyrir uppbygginguna sem er framundan
- Aukið hráefni til fiskvinnslu, svo sem frá fiskeldi
- Skapa grundvöll fyrir sprotafyrirtæki í framþróun á fiskiafurðum
- Vöxtur í fiskvinnslu gæti legið í samvinnu laxeldis- og bolfiskvinnslu



## Vísbendingar um að til ársins 2025 muni Seyðisfjörður bera ákveðin einkenni verktakabæjar

- Ráðast þarf í ýmis verkefni á Seyðisfirði á næstu árum.
- Uppbygging mannvirkja verður fyrirferðamikil og þjónusta við byggingariðnað mun vaxa í kjölfarið.

# Helstu verkefni til ársins 2025

- Viðmælendur voru spurðir hvort þeir hefðu hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að framkvæma á næstu misserum.
- Tryggja að Fjarðarheiðargöng verði í samræmi við samgönguáætlun.
- Vinna að stefnumörkun fyrir atvinnulíf og samfélag á Seyðisfirði á grundvelli hugmyndafræði klasasamstarfs.
  - Vinna nýtt aðalskipulag sem tekur mið af þeirri stefnumörkun.
  - Leita leiða til að fjölga gistinóttum ferðamanna á Seyðisfirði
- Vinna að stefnumörkun fyrir atvinnulíf og samfélag á Seyðisfirði á grundvelli hugmyndafræði klasasamstarfs.
- Byggja upp menntunar-, rannsóknar- og þróunarstarf í samstarfi við háskóla.
- Rafvæðing hafnarsvæðisins svo að skip þurfi ekki að ganga fyrir ljósavélum þegar þau liggja í höfn – dregur úr loft- og hljóðmengun.



# Seyðisfjörður 2030

- Landfylling við Lónsleiru
  - Hátæknifiskvinnsla með tvöfalda framsleiðslugetu og þáttur í uppbyggingu klasa Seyðisfjarðar
  - Gæti veitt ferðamönnum innsýn í íslenskan sjávarútveg
- Seyðisfjarðarskóli kominn í nýtt húsnæði
  - Gamli skólinn hefur fengið nýtt virðulegt hlutverk
- Ferðaþjónustan blómstrar
- LungA skólinn er orðinn heilsársskóli
- Bærinn er hreinn og fallegur og miðbærinn iðar af lífi
- Áhersla á nýsköpun, ferðaþjónustu, menningu og fræðsluþjónustu
- Varnargarðar nýtast til útvistar og ferðaþjónustu
- Uppbygging mannvirkja; íbúða, atvinnuhúsnæði, grunnskóli, snjófljóða- og skriðuvarnir, náttúrulaugar við Vestdalseyri.

RR  
RÁÐGJÖF

# FRÉTTA-SKJÁRINN

15. JÚNÍ 2030

Seyðisfjörður

TBL 31.

## Ár liðið frá opnun Fjarðarheiðarganga



Í tilefni þess að heilt ár er liðið frá opnun Fjarðarheiðarganga var blásið til fögnuðar Seyðisfjarðarmegin við göngin í vikunni. Aðspurðir sögðu bæjarbúar að göngin hafi aukið ásókn ferðamanna til bæjarins og þá sérstaklega yfir vetrartímann. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar fara að meðaltali 600 bílar í gegnum göngin á degi hverjum.

## Ofanflóðagarðar breytast í útivistarsvæði



Um helgina fer fram Bjólfur-Open mótið fram við ofanflóðagarðana en m.a. verður keppt í fjallahjólabruni og utanvegahlaupi. Um helgina er spáð 20 stiga hita og því um að gera að njóta blíðskaparveðurs með fjölskyldu og vinum við ofanflóðagarðana sem hafa undanfarin ár reynst vera einn helsti ferðamannasegull svæðisins.

## Nýsköpunarvika á Seyðisfirði



Frá árinu 2022 hefur Auðlindagarðurinn á Lónsleiru og í Herðubreið þróað klasasamstarf sem er mikilvægur vettvangur til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á Seyðisfirði. Háskólasetur Highlands and Islands, Hátæknifiskvinnsla SVN, grænmetisheildverslunin Austurlands Food Coop, skrifstofuhótelíð Herðubreið og veitingahúsið NorðAustur mynda hryggjarstykkið í klasanum.

Nú hafa Auðlindagarðurinn og Herðubreið ákveðið að leiða saman hesta sína enn á ný með nýsköpunarviku sem haldin verður á Seyðisfirði í komandi viku. Býðst þá Seyðisfirðingum og landsmönnum öllum tækifæri til að kynna sér starfsemi þeirra enn betur.

„Klasasamstarfið í Auðlindagarðinum hefur lagt grunn að tugum nýrra verkefna og starfa undanfarin ár, í natvælaframleiðslu, tæknilausum neð gervigreind og ferðaþjónustu“ segir Jónatan Sveinsson verkefnastjóri klasasamstarfs hjá Austurbrú.

## Þúsandasti Seyðisfirðingurinn

Ólafur Hr. Sigurðsson bæjarstjóri Múlaþings afhenti foreldrum stúlkubarns sem fæddist á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar blóm í tilefni áfangans. Frétta-skjárin óskar foreldrunum innilega til hamingju.



## Fullur fjörður af ferjum

Á Sjömannadaginn síðastliðinn fimmtudag lágu bæði Norræna og Akranes við ferjuhöfnina á Seyðisfirði. Er það í fyrsta skipti sem bæði skipin liggja við bryggju á sama tíma. Vegna aukinnar eftirspurnar eftir vöruflutningum frá Seyðisfirði hefur Smyril-line fjölgað ferðum í tvær á viku. Það má því segja að nóg sé um að vera hjá Seyðisfjarðarhöfn um þessar mundir.



Sildarvinnslan hf

Sildarvinnslan hefur ákveðið að stækka hátæknifrystihúsið á Seyðisfirði og auglýsir 10 ný störf hjá fyrirtækinu. Um er að ræða 100% starf við fiskvinnslu og önnur tilfallandi störf í frystihúsi. Húsnæði er í boði fyrir starfsfólk. Umsóknir berist á frystihus@sildarvinnslan.is.



# Uppbygging atvinnulífs á Seyðisfirði

Farðu inni á

**[www.menti.com](https://www.menti.com)**

Skráðu inn kóðann

**8598 9062**



Or use QR code

